

Nr. 18-167 S 113 Júlíus Geirmundsson ÍS 270***Skipverji slasast, efnaslys***

Skipaskr.nr. 1977
IMO: 8803513
Smíðaður: Póllandi 1989, stál
Útgerð: Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf
Stærð: 771,6 brl. 1402 bt.
Mesta lengd: 57,58 m *Skráð lengd:* 54,24 m
Breidd: 12,1 m *Dýpt:* 7,5 m
Vél: Wärtsilä 2460 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 25



Júlíus Geirmundsson©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. ágúst 2018 var Júlíus Geirmundsson ÍS 270 á landleið í lok veiðiferðar og var staddur um 10 sjómíllur út af Aðalvík. Veður: SA 5 m/sek. og sléttur sjór.

Skipverjar voru að vinna við þrif á vinnsluþilfari þegar einn þeirra rakst í slöngu, sem lá ofan í sápubrúsa, þannig að hún slóst í andlit annars skipverja með þeim afleiðingum að hann fékk óblandaða sápu (TK-ACTIGEL) í auga. Skipstjórnarmenn skoluðu augað ákaft og notuðu einnig deyfifropa og augnsmyrsl þar til slasaði var sendur í land með léttbát í Hnífsdal og honum komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn notaði ekki öryggisgleraugu við þrifin og kvartaði undan því að þau fylltust af móðu við notkun. Í leiðbeiningum sem staðsettar voru í stakkageymslu kom fram að nota skuli öryggisgleraugu.;
- að einnig kom þar fram að skola skal augað tafarlaust með nógu af vatni og leita læknishjálpar tafarlaust;
- að vatnsskolunarbúnaður var til staðar í stakkageymslu og eftir slysið var einnig settur upp einnota skolbúnaður;

- að fram kom á eftirfarandi öryggisblaði, útgefnu af söluaðila, kemur fram að efnið (*TK-Actigel*) á að vera í lokuðum ílátum og nota hlífðargleraugu við notkun þess;

8.2 Váhrifavarnir

Váhrifavarnir	Hlífðarbúnað skal velja samkvæmt gildandi CEN-stöðlum og í samvinnu við birgi hlífðarbúnaðar. Mælt er með hlífðarhönskum og -gleraugum. Augnskolfaska á að vera á vinnustaðnum.
---------------	---

Öryggismerki



Varúðarráðstafanir til að hindra váhrif

Ráðstafanir í leiðbeiningum til að hindra váhrif	Tryggja skal aðgengi starfsmanna að öryggisupplýsingum um efnið. Hafið varúðarleiðbeiningar sýnilegar.
Skipulagsráðstafanir til að hindra váhrif	Varist beina snertingu við efnið. Þjálfað starfsfólk.
Tæknilegar aðferðir til að hindra váhrif	Ef mögulegt: notið eingöngu í gegnum kvoðubúnað. Hafið lok á ílátum. Notið hlífðargleraugu/andlitsgrímu og hlífðarfatnað.

KAFLI 4: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart. Sýnið þetta öryggisblað.
Snerting við augu	Lyftið augnlokunum og skolið tafarlaust með nógu af vatni. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið læknishjálpar tafarlaust! Haldið áfram skulun á leiðinni á slysavörstöfu.

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarsími	Sími: 112 Lýsing: NEYÐARNÚMER
	Sími: 543-2222 Lýsing: EITRUNARMÍÐSTÖÐ

- að skipverjinn hlaut varanlegan skaða á hægri auga;
- að fram kom að fyrirhuguð væri uppsetning á staðbundnum búnaði fyrir sápuþa þannig að skipverjar þurfi ekki að ferðast með sápuþrúsum um vinnsluþilfarið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að ekki var réttur búnaður notaður við meðhöndlun á sápuþefninu og viðeigandi hlífðargleraugu ekki notuð.